

31. Karateþing 24. Febrúar 2018.

Þingskjal nr. _____

Íþróttamiðstöðin Laugardal.

Tillaga lögð fyrir Karateþing.

Karatesambandið setji sér skýra stefnu um viðbrögð við höfuðáverka og heilahristing í keppniskarate.

Greinagerð:

Stjórn Þórshamars óskar eftir því að á KAÍ-þinginu fari fram umræða um höfuðáverka og heilahristing í keppniskarate, með það fyrir augum að Karatesambandið setji sér skýra stefnu í þessum málum. Við höfum áhyggjur af því að á síðastliðnum árum hefur fjöldi ungra karatekeppenda hrökklast frá keppni vegna alvarlegra höfuðáverka. Við teljum mikilvægt að fara yfir alla þætti sem viðkoma þessu – upplýsingagjöf til þjálfara og keppenda, forvarnir, viðbrögð á vettvangi bæði innanlands og erlendis, sem og eftirfylgni og stuðning við þau sem verða fyrir höggum.

Þórshamar er að vinna í því að setja stefnu í þessum málaflokki innan félagsins og viljum við stuðla að því að sú vinna nái til allrar karatehreyfingarinnar.